

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B. lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 81/2002.

Ísafjarðarbæ, 31. janúar 2003.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Við alþingiskosningarnar 8. maí 1999 buðu eftirtalin stjórnmalasamtök fram lista og voru listarnir merktir sem hér segir:

B-listi:	Framsóknarflokkur
D-listi:	Sjálfstæðisflokkur
F-listi:	Frjálslyndi flokkurinn
H-listi:	Húmanistaflokkur
K-listi:	Kristilegi lýðræðisflokkurinn
S-listi:	Samfylkingin
U-listi:	Vinstri hreyfingin - grænt framboð
Z-listi:	Anarkistar á Íslandi

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 38. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 frá 16. maí 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. febrúar 2003.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Anna Sigríður Arnardóttir.